
Barbara Árnason

Yfirlitssýning á Kjarvalsstöðum

Um þetta leyti stendur yfir á Kjarvalsstöðum yfirlitssýning á verkum Barböru heitinnar Árnason, listmálara, en Barbara lézt sem kunnugt er á seinasta vetri.

Barbara (Moray) Árnason fæddist 19. apríl árið 1911 í Petersfield í Englandi og voru foreldrar hennar þau Moray Williams sagnfræðingur, O.B.E., M.A. og kona hans Mabel L. Williams, fædd Unwin.



UM RÆNINGJANS IÐRUN

Barbara stundaði heimanám til 16 ára aldurs, var 10 mánuði í frönskum heimilisskóla og þrjú ár í svonefndum undirbúningsskóla Winchester School of Art. Síðan var hún þrjú ár nemandi í Konunglega listaskólanum í London og brautskráðist þaðan árið 1935.

Árið 1937 giftist hún íslenzkum listamanni, Magnúsi Á. Árnasyni og bjuggu þau allan sinn búskap í Reykjavík og í Kópavogi.

Tréstungur og bókaskreytingar

Það mun hafa verið árið 1936, sem myndir Barböru Árnason komu fyrst fyrir almenningssjónir hér á landi, en það var á sýningu Magnúsar Á. Árnasonar, er hann hélt það ár, og síðar á samsýningu þeirra hjóna í „Markaðsskálanum" við Ingólfsstræti árið 1938, en þá vöktu myndir hennar verulega athygli. Svo fingerða list höfðu menn ekki séð áður að neinu marki á Íslandi. Íslenzkir listamenn höfðu annað fótatak, þyngra og hávaðasamara.

Um þessar mundir voru myndir Barböru Árnason einkum tréstungur á æðalausan við. Þessar myndir gátu verið ótrúlega mildar og fingerðar, en síðan bættist vatnsliturinn við og leiðin lá um hrið inn í heim bókaskreytinga. Fyrsta bókin sem hún myndskreytti mun hafa verið Leit ég suður til landa eftir dr. Einar Ólaf Sveinsson. Bókin var safn erlendra ævintýra og helgisagna. Þetta mun hafa valdið straumhvörfum í myndefni Barböru Árnason, hún hóf nú gerð helgimynda, því skömmu síðar mun hún hafa hafizt handa um myndskreytingu sína við Passíusálma Hallgríms Péturssonar. Hún lauk þeim myndum árið 1951, og áratug síðar sáu þær dagsins ljós í vandaðri útgáfu af sálmunum. Myndirnar voru 50 talsins, eða jafn margar sálmunum og þykja frábærar.

Margar aðrar merkilegar, listrænar bókaskreytingar liggja eftir Barböru Árnason, þótt eigi sé þeirra getið hér.

Um líkt leyti og bókaskreytingarnar urðu til, mun hún hafa byrjað gerð barnamynda. Portrett af börnum.

Barnamyndir

Myndstíll hennar var þess eðlis að hann féll vel að barnamyndum og var Barbara mjög eftirsóttur barnamyndamálari. Það var næstum því stöðutákn á vissu árabili, að eiga mynd af börnum sínum eftir Barböru Árnason, enda auðskilinn metnaður þegar myndir þessar eru skoðaðar gaumgæfilega. Barbara mun ekki hafa sótzt eftir slíkri myndgerð, en bókstaflega komst ekki hjá því að gera fjöldann allan af þeim á vissu árabili.

Í stríðslok hélt hún sýningu á barnamyndum sínum, eða úrvali þeirra og lét ágóðann renna óskiptan í hjálparsjóð franskra og norskra barna.

Barnamyndir Barböru Árnason, sem voru oft list eftir pöntun, hefðu án efa getað orðið mjög einhæf "framleiðsla", því til mun ótölulegur fjöldi þeirra, en sem listakona var hún stærri í sniðum en svo. Allar þessar myndir hlutu sín persónulegu einkenni, og svo merkilegt innsæi, að undrun sætir. Portrett hennar voru aldrei flaustursleg, eða billeg.


Seinustu tvo áratugina sem hún lifði, helgaði hún sig fjölskrúðugri vinnu. Hún gerði m.a. veggskreytingar og teppi. Einföld línuskreyting hennar var persónuleg og sérstæð. Veggskreytingar hennar voru víða og myndstíll hennar og listgleði nýtur sín þar yfirleitt vel.

Eins og áður var sagt, var Barbara Árnason brezk að þjóðerni. Hún vann fljótlega hug og hjarta íslenzku þjóðarinnar, og ég held að hún hafi verið orðin íslenzk fyrir löngu, ef það kynni að skipta einhverju máli.

Þjóðleg list er naumast til, þjóðleg list er flókin blanda úr öllu sem menn hafa séð og lært að tileinka sér á löngum ferðalögum aftur og fram um heiminn.

Það eru áhrifamiklir einstaklingar sem móta þjóðlistina á hverjum tíma. Samt er það svo að við greinum t.d. tónlist íslenzkan tón. Það sama er að finna í málverki og myndlist sumra listamanna, þar á meðal í ýmsum verkum Barböru Árnason.

Við megum heldur ekki gleyma því að þeir myndlistarmenn okkar er við teljum þjóðlegasta, námu list sína einnig við erlenda háskóla, bergdu í sig



UM BARRABAS FRELSI

vizkuna úr hinum sameiginlega brunni heimslistarinnar.

Sýningin

Á sýningu Barböru Árnason eru 175 verk.

Mest er þar af vatnslitamyndum, en þær eru 77.

Tréstungur eru 19, vatnslitaþrykkjur eru 21, teikningar 39, gouachemyndir 8, olíulitir á tré 19, veggteppi og skermar 9 og ásaumuð teppi eru 6.

Auk þess eru fjölmargar teikningar, vinnuteikningar og riss.

Ég ætla að þessi sýning gefi allgóða mynd af vinnu og lífsverki Barböru Árnason. Athyglisverðastar finnast mér vatnslitaþrykkjurnar, sem eru persónuleg uppfinning listakonunnar að því að mér er sagt. Þær eru undur fínlegar og lýsa vel blíðlyndi listakonunnar. Sumar vatnslitamyndirnar eru líka hreinasta afbragð bæði frá sjónarhorni tækninnar og myndsköpunarinnar.

Við fyrstu sýn virðast þær heldur bragðdaufar, sumar hverjar, en þær vinna á og ég gerði mér sérstaka aukaferð til þess að skoða sumar, eins og í garði Renoirs og Hesta myndina. Líka margar fleiri.

Maður Barböru Árnason, Magnús Á. Árnason og sonur þeirra Vífill Árnason, settu sýninguna upp og hafa unnið ágætt verk. Sýningunni er vel fyrir komið, en aðvitað spillir meingölluð lýsing á Kjarvalsstöðum þessari sýningu eins og öðrum.

Það kemur fram í sýningarskrá að flestar myndirnar eru í einkaeign. Heimili og stofnanir hafa lánað þessi verk að mestum hluta. Hér er því um einstakt tækifæri fyrir fólk að sjá þessi verk, sem ef til vill koma ekki aftur á opinbera sýningu. Ættu menn þess vegna ekki að láta þessa sýningu fram hjá sér fara.

Sýningin verður opin daglega til 20. júlí næstkomandi á venjulegum sýningartímum, en á mánudögum eru Kjarvalsstaðir lokaðir, sem kunnugt er.

Jónas Guðmundsson

FÓLK Í LISTUM

ERU STÓRU JARÐSKJÁLFTARNIR MANNANNA VERK?

TVEIR meiriháttar jarðskjálftar, sem urðu á tveggja vikna tímabili, og spá um að búast megi við þeim þriðja hvenær sem er — á San Andrea-misgenginu, sem ógnað gæti San Francisco borg, gæti bent til þess, að jörðin væri að færast inn á virkara jarðskjálftasvið. En á milli þess að hörmungarnar dundu yfir á Norður-Ítalíu og jarðskjálftinn var í Tashkent-héraðinu í Rússlandi, sprengdu Sovétmenn tvær kjarnorkusprengjur neðanjarðar. Sprengjur þessar komu af stað jarðhræringum, sem aftur gætu hafa orðið til þess að koma jarðskjálftanum í Tash kent héraðinu af stað.

Í sljótu bragði virðast tengslin á milli sprenginganna í Síberíu og kippanna tvö þúsund og fimm hundruð milur sunnar lítil, en þar sem svo virðist vera sem mannkynið þjáist af eins konar skammsýni, sem m.a. lýsir sér í því, að leggja áherzlu á að finna leiðir til að segja fyrir um jarðskjálfta, en verið hefur rík tilhneiging til að líta framhjá þeirri staðreynd, að maðurinn er fullkomlega fær um að koma af stað jarðskjálftum.

Það þykir fullsannað, að beint samband er á milli kjarnorkusprenginga og jarðskjálfta, og þess vegna var aukin skjálftavirkni á kjarnorkutilraunasvæði Bandaríkjanna í Nevada árið 1968-'69 meginástæðan fyrir því að Bandaríkjamenn hættu sprengingum þar og fluttu þær til eyjarinnar Amchita á Aleutian-eyjum.

En þrátt fyrir slíka flutninga til svæða, þar sem jarðlögin eru ekki undir það mikilli spennu, að hætta sé á að skjálftar geti hafizt þar fyrir tilstilli sprengjanna, er þar með ekki sagt að öll hætta sé útilokuð. Skjálftabylgjur ganga í gegnum jörðina, og sú hætta er alltaf til staðar, að orkan sem losnar úr læðingi í sprengingunum í dýpri lögum geti komið af stað jarðskjálfta langt í burtu frá tilraunasvæðinu. Þetta þýðir þó ekki, að eina ástæðan fyrir stórum jarðskjálftum sé sú viðbótarorka, sem maðurinn bætir við hina staðbundnu orku í jarðlögunum, — heldur eru þær fleiri. Til dæmis í fjalllendinu sunnan við Tashkent eru miklir stíflugarðar og virkjunarframkvæmdir, og á síðustu áratugum hefur því verið veitt athygli, að eftir því sem meira vatnsmagn er stíflað, þeim mun meiri verður tíðnin á jarðskjálftum á svæðinu. Þrátt fyrir að þessu var fyrst veitt eftirtekt snemma á þriðja áratug þessarar aldar, var það ekki fyrr en á árunum 1950-'60 að farið var að gera kerfisbundnar mælingar og rannsóknir á þessu fyrirbæri. Þær leiddu í ljós, að þarna eru bein tengsl á milli, og á grundvelli þessarar niðurstöðu var boðað til alþjóðlegs fundar vísindamanna í London árið 1973.

Þar var það staðfest, að eftir að vatn hefur verið stíflað á bak við flóðgarða þrjú hundruð feta háa eða svo, er sá möguleiki alltaf fyrir hendi, að jarðskjálftar að styrkleika allt að sex og hálft stig á Richter er verði jafnvel á svæðum, sem fram að byggingu garðanna hefðu talizt kyrr svæði. Vísindamenn treysta sér ekki til að gefa neina skýringu á hvernig þetta gerist, en í Koyna á Indlandi leiddi

Framhald á bls. 23